



Suðurlandi, 24. júní 2021.

Vesturbyggð

netfang: vesturbyggd@vesturbyggd.is

Efni: Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018 til 2035.

I.

Auglýst hefur verið tillaga að aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018 til 2035 með athugasemdafresti til og með 24. júní 2021, sjá [hér](#). Af hálfu Samgöngufélagsins eru ekki gerðar athugasemdir við annað í tillögunni að svo stöddu, en að brýnt verður að telja að gert verði ráð fyrir þverun Vatnsfjarðar í væntanlegu aðalskipulagi.

Að öðru leyti verður ekki annað séð en tillagan sé ítarleg og vel unnin og þar m.a. að finna áhugaverðar hugmyndir að legu nokkurra jarðganga, sem Samgöngufélagið mun væntanlega eitthvað fjalla um á síðari stigum. Hins vegar verður að telja að auglýsa hefði mátt þessar tillögu að mun betur og að gera mætti við hana athugasemdir, t.d. á forsiðu vefs Vesturbyggðar en um er að ræða málsefni sem skipt getur íbúa sveitarfélagsins sem og nágrannasveitarfélaganna talsverðu máli.

Að því er varðar þverun Vatnsfjarðar skal bent á nokkur atriði:

II.

A

Vegagerðin hefur mælt með því að fjörðurinn verði þveraður og bent þar á sem æskilegan kost svonefnda leið F, sem sjá má á korti á vef stofnunarinnar m.a. [hér](#), fremur en að framtíðarvegur liggja inn og út fjörðinn í svipaðri ef ekki sömu veglínu og hann liggur í nú. Raunar er ekki vitað til að endanleg veglína um fjörðinn hafi verið afráðin.

Nokkrir opinberir aðilar sem ber að láta sig umhverfis- og skipulagsmál varða svo og félagasamtök sem hafa aðkomu að ákvörðunum sem þessum hafa lýst þeirri skoðun að vegurinn skuli liggja fyrir fjörðinn og þá einkum litið til þess að þverun er talin spilla ásýnd fjarðarins og upplifun þeirra sem dveljast í friðlandinu í Vatnsfirði, ekki síst innan þverunarinnar.

Að því er varðar friðlandið í Vatnsfirði sem vegur mun liggja um, í hvaða legu sem það verður, má nefna að friðlýsing svæðisins var, eftir því sem næst verður komist, afráðin eftir þjóðhátíð í Vatnsfirði 1974 þegar Vestfirðingar ásamt öðrum landsmönnum minntust 1.100 ára afmælis samfelldrar byggðar á Íslandi. Tókst vel til og töldu menn rétt að tryggja Vestfirðingum og gestum þeirra friðsælt umhverfi til útivistar til langframa.

Ýmsar upplýsingar um Vatnsfjörð og það svæði sem friðlýsing nær til og vísun í friðlýsingarskilmála, sem eru efnislega óbreyttir frá árinu 1975, er að finna á vef Umhverfisstofnunar [hér](#). Á vef stofnunarinnar segir um friðlandið með feit- og skáletrun undirritaðs: “*Vatnsfjörður var friðlýstur sem friðland árið 1975. **Tilgangur friðlýsingar er að vernda náttúru á þann hátt að fólki gefist kostur á að njóta hennar. Friðlandið er alls um 20.000 ha. Um fjórir fimmtu hlutar þess eru grýtt og gróðurlítið hálendi en láglendið er að mestu kjarri vaxið.***” Svo því sé til haga haldið segir annars staðar á vef stofnunarinnar um friðlýsingu: “*Með friðun tryggjum við rétt okkar og komandi kynslóða*

til að njóta ósnortinnar náttúru. Ósnortin náttúra er takmörkuð auðlind, auðlind sem á heimsvísu fer þverrandi. Reglur um friðlýst svæði eru mismunandi og fara eftir markmiðum friðlýsingar, eðli svæðisins og samkomulagi við hagsmunaaðila.”

Í skilmálum friðlýsingarinnar segir m.a.: “Um friðlandið gilda þessa reglur: Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi [Umhverfisstofnunar]. . . .”

Að því er varðar tilganginn með friðlýsingunni á sínum tíma þykir einnig mega vísa í grein eftir Þórodd Þóroddsson, þáverandi framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs, í grein í Dagblaðinu Vísi 220. tölublaði 28. september 1988 (sjá [hér](#)) þar sem eftirfarandi kemur fram með skáletrun undirritaðs: „Þær forsendur sem lágu að baki friðlýsingu Vatnsfjarðar 1975 voru þær að í Vatnsfirði væri enn nokkuð mikið eftir af þeim birkiskógi og kjarri sem í upphafi landnáms klæddi landið „frá fjöru til fjalls“ og að auki væri svæðið vel fallið til útivistar. Gróðurvernd, og þá fyrst og fremst verndun skógarins, hefur síðan verið efst á blaði í umfjöllun Náttúruverndarráðs um þetta landssvæði.”

Talsverðar rannsóknir hafa farið fram á lífríki fjarðarins og straumum, sjávarföllum o.fl. til að meta hugsanleg áhrif þverunar og verður ekki annað ráðið af þeim en ekki eigi að hljóttast tiltakanlega mikið rask að þessu leytnu til þótt einhverjar breytingar kunni að verða. Þá verður vissulega ekki fram hjá því litið að með þverun mundi ásýnd fjarðarins breytast umtalsvert. Sjá m.a. um þetta og raunar fjölmargt fleira sem þetta varðar í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vega um Vatnsfjörð o.fl., dags. 3. júlí 2020, [hér](#) .

B

Lögð skal áhersla á að með þverun fæst um 3,5 km stytting, akleiðin verður tiltölulega bein, greið og alveg hindrunarlaus og ætti ekki að skapa hættu fyrir gangandi vegfarendur. Af styttingunni hlýst umtalsverður samfélagslegur ábati með skemmri akurstíma (3 mínútur miðað við 90 km/klst meðalhraða), styttri vegalengdum og þar af leiðandi minna sliti á vegum og ökutækjum sem þessu nemur, minni mengun og umtalsvert auknu umferðaröryggi.

Búast má við verulega aukinni umferð milli norðanverðra Vestfjarða og Hringvegarins þessa leið í stað leiðarinnar um Ísafjarðardjúp eftir tilkomu Dýrafjarðarganga, nýs vegar um Dynjandisheiði og styttingu í Gufudalssveit um Þorskafjörð og Teigsskóg. Mun leiðin milli Reykjavíkur og Ísafjarðar verða undir 400 km í stað um 455 km um Djúp og Arnkötuldalsveg (milli Reykjavíkur og Akureyrar er hún í dag 389 km) og það sem margir virðast ekki hafa áttað sig á er að styttra verður að fara þarna um milli Ísafjarðar og Hólmavíkur en leiðin þar á milli um Ísafjarðardjúp.

Mun minna ónæði ætti að verða af þessari auknu umferð með þverun en í vegstæði svipuðu því sem nú er. Áréttáð skal að þarna mun umferð fara um árið um kring og væntanlega á öllum tímum sólarhrings og hefur þverun því þýðingu fyrir vegfarendur öllum stundum jafnt á nóttu sem degi, sumar sem vetur þegar færð er oft ekki upp á það besta og breytt ásýnd fjarðarins skiptir e.t.v. minna máli fyrir hlutaðeigandi en að komast með sem greiðustum og öruggustum hætti milli áfangastaða. Flestir sem eru á ferðinni utan hásumars eru væntanlega íbúar sem oft fara um og finnst greið og örugg leið skipta meira máli en breytt ásýnd fjarðarins. Hafa verður hugfast að ekki verður komist hjá umferð ökutækja um Vatnsfjörð og það nokkuð þungri ef heldur fram sem horfir nema þá með jarðgöngum, sem ekki getur talist raunhæfur kostur. Gera má ráð fyrir að umferðin eigi eftir að aukast umtalsvert og verður líklega tvöfalt meiri en nú er þegar eftir að lokið hefur verið við gerð vegar yfir Dynjandisheiði og síðan enn eftir að lok vegagerðar um Vestfjarðaveg í Reykhólahreppi. Á síðasta ári var meðalumferð á dag í vestanverðum Vatnsfirði 190 ökutæki og án efa mun meiri yfir sumarmánuðina en að vetrinum.

Einnig skal haft hugfast að vel má njóta fagurs landslags þótt verið sé á ferð í ökutæki líkt og verður t.d. um væntanlegan veg um Teigsskóg og án efa fyrir mörgum ákveðið tilhlökkunarefni að fara um Vatnsfjörð á þverun og geta þannig notið fjarðarins úr öllum áttum samtímis. Vissuleg að því marki sem því verður við komið fyrir

ökumenn, sem þurfa fyrst og fremst að einbeita sér að akstrinum en farþegar ættu að geta haft af því þeim mun meiri ánægju. Að mati undirritaðs vill þetta oft gleymast í umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum.

Því felst í raun tækifæri í því að Vegagerðin skuli óska eftir þverun fjarðarins sem ber að þakka en væntanlega er um eitthvað kostnaðarsamari framkvæmd að ræða en gerð vegar fyrir fjörðinn þótt ekkert skuli fullyrt um það hér.

Það skal þó nefnt að núverandi vegur um Vatnsfjörð er talsvert frá því að uppfylla kröfur sem gerðar eru í dag og þarf samkvæmt upplýsingum Vegagerðarmanns að breikka allan veginn og byggja ný mannvirki, brýr eða stokka á Þingmannaá, Vatnsdalsá, Eiðisá og Pennu. Um Helluhlíð þarf samfelldar sprengingar inn fyrir Eiðisá og setja upp vegrið a.m.k. sjávarmegin vegar. Draga mætti úr sprengingum vilji menn fórna gróðurlendinu neðan vegarins. Það hlýst því með öðrum orðum heilmikið rask af gerð nýs vegar fyrir fjörðinn bæði meðan unnið er að endurbótum hans og eftir að þeim lýkur. Verður að telja að margt vinnist með því að halda honum sem mest óbreyttum og gera hann að "innansveitarvegi" með lækkuðum hraða.

Hugmyndir sem komið hafa fram um að hægja á allri þeirri umferð sem þarna færi um ef ekki kæmi til þverunar verða að teljast algerlega óraunhæfar nema þá með öflugu eftirliti, sem erfitt gæti verið að koma við.

Með þverun myndaðist svæði innan hennar sem ætti að mestu að vera laust við umferð ökutækja með öllu því sem henni fylgir, hávaða, megun, minna umferðaröryggi en vera þyrfti o.s.frv. Á svæðinu væri kyrrð og ró, þar gæti fugla- plöntu- og jafnvel sjávarlíf átt góða daga og þeir sem fara um gangandi, hjólandi, ríðandi eða á anna hátt notið umhverfisins án truflunar af umferð. Má sem dæmi um þetta vísa til þverana m.a. í Skutulsfirði, þar sem íbúar skammt innan þverunarinnar fagna því að að hafa losnað við hina þungu umferð sem áður fór um hlaðið á heimili þeirra og finnst vegurinn sjálfur yfir fjörðinn ekki trufla sig á nokkurn hátt og breytt ásýnd ekki skipta máli heldur frekar þvert á móti. Sama á án efa við í Önundarfirði og Dýrafirði og væri það raunar sérstakt rannsóknar-efni.

Ekki verður séð að þverun eigi að þurfa að hafa veruleg áhrif á viðskipti við gististaðinn í Flókalundi nema síður sé þar sem þar ætti að verða aukin ró og mun minni truflun af umferð sem er á hraðferð milli landshluta. Þó kann þeim að fækka eitthvað sem vilja gera stuttan stans og kaupa sér hressingu eða komast á snyrtingu. Má raunar sjá fyrir sér að í Flókalundi geti orðið vísir að samgöngumiðstöð þar sem leiðirnar til og frá Vestubbyggð og Tálknafirði annars vegar og hins vegar Ísafjarðarsýslum mætast og viðbúið að þeim fjölgi sem vilja hlaða ökutæki sín rafmagni eða kaupa eldsneyti. Ef færð yfir Dynjandisheiði eða jafnvel Klettsháls og Kleifaheiði er tvísýn yrði þarna góður dvalarstaður meðan beðið væri átekta. Virðist Flókalundur því eiga framtíðina fyrir sér sem áningarstaður þótt e.t.v. verði það í eitthvað breyttri mynd frá því sem nú er.

Að öllu framasögðu virtu er það mat undirritaðs að stefnt gæti nánast í "slys" ef ekki verður hugað rækilega að þverun Vatnsfjarðar í stað þess að "troða" honum þá leið sem stefnir í að óbreyttu.

C.


Haft skal í huga að áform eru uppi um stofnun þjóðsgarðs sem tæki yfir það svæði sem hér um ræðir og aldrei að vita hvaða takmarkanir á ákvörðunarvald sveitarfélagsins það gæti haft í för með sér og því e.t.v. vissara að hafa lokið samþykkt aðalskipulags áður en til þess kemur.

Ekki er annað vitað en Ísafjarðabær hafi lýst yfir stuðningi við þverun en telja verður að ákvörðun um veglínu á þessu svæði varði íbúa þess sveitarfélags ekki síður en íbúa Vesturbyggðar þótt Vatnsfjörður falli undir skipulagsskyldu Vesturbyggðar (en ekki þykir rétt að nota það villandi orð skipulagsvald). Því er því treyst að haft verði gott samráð við öll sveitarfélögin á Vestfjörðum vestanverðum áður en endanleg ákvörðun um framtíðarlegu Vestfjarðarvegar um Vatnsfjörð verður tekin í væntanlegu aðalskipulagi Vesturbyggðar.

Loks skal vakin sérstök athygli á því að í könnun þar sem 398 þátttakendur sem afstöðu tóku á netinu eða í farsíma og fyrirtækið ENVALYS ehf. (í fyrirtækjaskrá skráð sem Envalys) vann fyrir Samgöngufélagið dagana 14. til 23. júní voru “heilt yfir” nokkru fleiri fremur hlyntir hugmyndum um þverun fjarðarins en andvígir. Fékk tillagan einkunnina 4,44 á skalanum 0 til 6 þar sem 0 var “mjög andvíg(ur)” og 6 “mjög hlynt(ur)”. Sé miðaða við búsetu átti hugmyndin mest fylgi meðal íbúa Vestfjarða utan Vesturbyggðar þótt hún nyti góðs fylgis meðal allra hópanna. Athygli vekur að hlutfall þátttakenda eftir kyn skiptist þannig að karlar voru 79,1% en konur 20,6% og annað kyn 0,3%. Voru konurnar ekki eins hlyntar þverun og karlarnir með niðurstöðuna 3,57 á framangreindum skala en karlarnir 4,57. Ýmsar fróðlegar niðurstöður aðrar er að finna í þessari könnun sem ekki verða raktar hér. Gert er ráð fyrir að fljótlega megi nálgast könnunina á vef Samgöngufélagsins á slóðinni samgongur.is/vatnsfjordur.

Áréttað skal að í þessari könnun, sem telja verður mjög marktæka, er um að ræða afstöðu fjölmargra einstaklinga innan og utan Vestfjarða, sem láta sig hugmyndir um legu veg í Vatnsfirði varða en stendur ekki á sama en ekki mat sérfræðinga stofnana sem um það viðfangsefni sem hér er til umræðu eiga að fjalla og án efa gera það af samviskusemi og bestu vitund og þekkingu, þótt stundum finnist undirrituðum ramminn sem þær nálgast viðfangsefni sitt nokkuð þröngur. Verður að telja óhjákvæmilegt að taka niðurstöðu þessarar könnunar með í reikninginn áður en aðalskipulag Vesturbyggðar verður endanlega til lykta leitt.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading "Jón B. Guðmundsson". The signature is fluid and cursive, with a large initial 'J' and 'G'.

fyrirsvarsmaður